

19.11.2014

Tilvísun í mál: 2014110001

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts/bréfs frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 4. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um stofnun Hofsjökulshjóðgarðs, 26. mál. Í tillögunni kemur fram að þingsályktunartillaga um stofnun Hofsjökulshjóðgarðs hefur verið flutt áður á 140. löggjafarþingi (106. mál) og á 141. löggjafarþingi (522. mál) og svo aftur á 143. löggjafarþingi (169. mál) með breytingu sem tekur mið af þingsályktun um vernd og orkunýtingu landsvæða – rammaáætlun – sem samþykkt var á Alþingi hinn 14. janúar 2013.

Náttúrufræðistofnun sendi inn umsögn vegna síðast töldu tillöguna hér að framan fyrr á þessu ári, sjá meðfylgjandi bréf dags. 21. janúar sl., og endursendir hana hér með sem svar við framangeindu erindi.

Virðingarfyllst

Trausti Baldursson  
Forstöðumaður Stjórnsýsludeildar  
Náttúrufræðistofnun Íslands

Umhverfis- og samgöngunefnd,  
Nefndasvið Alþingis  
Alþingi v/Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 21. janúar 2014  
2014010011/42-1-0  
TB  
jgo/tb

**Tillaga til þingsályktunar um stofnun Hofsjökulspjóðgarðs, 169. mál, umsögn**

Vísað er til bréfs/tölvupósts frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 6. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um stofnun Hofsjökulspjóðgarðs, 169. mál.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreinda þingsályktunartillögu, sem er endurflutt frá fyrri þingum (nr. 140. og 141 ) og var svarað með bréfi dagsettu 5. desember 2011. Náttúrufræðistofnun tekur undir markmið tillögunnar. Stofnunin telur að ef setja á umræddan þjóðgarð á laggirnar verði að vinna mjög markvisst að stofnun hans strax frá byrjun. Náttúrufræðistofnun telur t. d. að vinna eigi náttúrufræðisúttekt fyrir „svæðið“ í heild og ákveða strax frá byrjun mörk og verndargildi einstakra svæða innan fyrirhugaðs þjóðgarðs, stjórnun þeirra o. fl. þ. h. Til eru náttúrufræðisúttektir fyrir stóran hluta þess svæðis sem kemur til greina en taka þyrfti efni þeirra saman til að nýta það við gerði verndaráætlunar. Jafnframt liggja fyrir friðlýsingarskilmálar sem segja fyrir um og gefa til kynna hvernig beri að vernda og stjórna stórum hluta af svæðunum.

Eðli þjóðgarða er annað en friðlanda. Eðlismunurinn liggur m.a. í því að í þjóðgörðum er gert ráð fyrir sérstakri þjónustu við almenning og að almenningur geti upplifað náttúru þess svæðis sem um ræðir. Bæði Þjórsárver og Guðlaugstungur eru friðlönd innan marka fyrirhugaðs þjóðgarðs og er tilgangur þeirra meðal annars að vernda lífríki, s.s. varplönd heiðagæsa, og eru þau þess vegna lokað almenningi á ákveðnum tímum árs. Það verður því að huga að því strax frá byrjun að þegar friðlandi er breytt í þjóðgarð þá hafi það ekki neikvæð áhrif á vernd og verndargildi. Með öðrum orðum þarf að liggja fyrir góð verndar- og stjórnunaráætlun fyrir þjóðgarðinn í heild sinni áður en hin eiginlega stofnun hans á sér stað. Það verði því strax frá byrjun vitað að hverju er stefnt hvað varðar vernd og verndargildi (tegundir, vistgerðir, vistkerfi, jarðfræði, landslag, menningarminjar, vöktun, rannsóknir), útivistarmöguleika, umferð (gangandi, akandi, hjólreiðar, ríðandi), þjónustukjarna, stjórnun (ríki, sveitarfélög, samtök...), og ekki hvað síst fjármál og rekstur.

Verði þessi hugmynd að veruleika er hér tækifæri til að gera hlutina vel þó það taki eitthvað lengri tíma. Alltaf má vernda ákveðin svæði strax til bráðabirgða, þó þau séu ekki orðin að þjóðgarði, til að koma í veg fyrir röskun þeirra. Rétt er að benda á að Guðlaugstungur og




Þjórsárver eru Ramsarsvæði og þarf að taka tillit til þess við útfærslu verndar og nýtingar á fyrirhuguðu þjóðgarðssvæði komi til þess.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson

